

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 3/1952.

Oddur Helgason og Stefán Franklín

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guttormi Erlendssyni f. h. Allan Erlandssons

(sjálfur).

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Sýkna af kröfu um greiðslu útgerðarhalla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1952. Krefjast þeir sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar 1952. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum 7/10 hluta þess halla, sem varð á rekstri b/v Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. des. 1949 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

H/f Engey keypti b/v Drangey á árinu 1945. Aðaláfrýjendur áttu allan þorra hlutabréfa í h/f Engey, þ. e. Stefán Franklín 60%, en Oddur Helgason 30%. H/f Engey vegnaði ekki vel, og tóku aðaláfrýjendur að leita leiða til sölu b/v Drangeyjar. Á árinu 1947 voru ráðagerðir uppi um stofnun félagsskapar í Danmörku, sem danskir og íslenskir menn stæðu að, og ætlað var að kaupa togarann, en dönsk yfirvöld synjuðu á öndverðu ári 1948 innflutnings á honum. Er hér var komið, sneru aðaláfrýjendur sér til gagnáfrýjenda. Með símskeyti 13. febrúar 1948 tjáðu þeir gagnáfrýjanda, að þeir hefðu áhuga á því, að stofnaður yrði félagsskapur í Gautaborg, er aðaláfrýjendur ætluðu sér hlutdeild í, og kaupa skyldi b/v Drangey fyrir s. kr. 800 000.00 og gera hana út, en andvirði togarans skyldi greitt smám saman með 15% af óskírnum (brúttó) afla hans. Gagnáfrýjandi leitaði vitneskju um togarann o. fl. og hófst síðan handa um að fá

hann fluttan til Svíþjóðar. Var A/B Atlantprodukter, sem gagnáfrýjandi var forstjóri fyrir, veitt innflutningsleyfi fyrir togaranum hinn 10. marz 1948. Jafnframt sömdu aðiljar um félagsskap, er kaupa skyldi og gera togarann út. Varð það að samkomulagi, að gagnáfrýjandi gekkst fyrir stofnun hlutafélags í Gautaborg í nefndu skyni, og hinn 8. apríl 1948 undirrituðu Stefán Franklín f. h. Engeyjar og gagnáfrýjandi f. h. hlutafélags í stofnun kaupsamning um b/v Drangey. Var kaupverðið s. kr. 800 000.00 og átti að greiðast með 15% af óskírurum (brúttó) sölum togarans. Eignarréttur að togaranum átti að flytjast til kaupanda, er kaupverðið væri að fullu greitt eða skuldabréf með veði í togaranum gefið út fyrir því. Hinn 4. maí 1948 var stofnfundur haldinn í hinu nýja hlutafélagi, sem hlaut nafnið Fiskeriaktiebolaget Grimsö. Stofnendur voru þrír, sbr. 4. gr. hinna sænsku laga um hlutafélög frá 14. september 1944, þ. e. gagnáfrýjandi, sem talinn var eigandi níutíu og fimm hlutabréfa, kona hans, Sigríður Erlandsson, sem skráð var eigandi þriggja hlutabréfa, og lögfræðingur gagnáfrýjanda, er tjáðist eiga tvö hlutabréf. Gagnáfrýjandi var kjörinn stjórnandi hlutafélagsins, en kona hans varastjórnandi. Á stofnfundinum sat aðaláfrýjandi Stefán Franklín og Egill Ragnars, er aðaláfrýjendur höfðu sér til ráðuneytis. Hæð hlutafjárins var ákveðin kr. 10 000.00. Hinn 18. maí skrásetti Kungl. Patent- och registreringsverket Fiskeri A/B Grimsö með heimilisfangi í Gautaborg og stjórn, svo sem áður sagði. Fiskeri A/B Grimsö var stofnað af þremur fullábyrgum stofnendum. Eftir gögnum málsins fullnægði stofnun hlutafélagsins skilyrðum sænskra laga. Sú fullyrðing fær ekki staðizt, að hlutafélagið hafi verið markleysa, sökum þess að einn hluthafa hafi einungis verið sýndarhluthafi, þar sem hann tók á sig fullkomna ábyrgð stofnanda, sbr. 42., 44., 207. og 213. gr. hinna sænsku laga um hlutafélög.

Er Fiskeri A/B Grimsö var fullstofnað og skrásett, gaf það út tvö veðskuldabréf, hvort að fjárhæð s. kr. 400 000.00, fyrir kaupverði togarans, sem greiðast skyldi svo sem um hafði verið samið. Landsbanki Íslands féllst á að leysa veðbönd af togaranum fyrir skuldum h/f Engeyjar til bankans,

að fjárhæð kr. 650 000.00, sem aðaláfrýjendur ábyrgðust persónulega. Fékk bankinn í staðinn handveð í veðskulda-
bréfum Fiskeri A/B Grimsö. Var togarinn með því orðinn eign hlutafélagsins og hlaut nafnið Grimsö. Samkvæmt 1. gr. sænsku siglingalaganna telst skip sænskt og siglir réttilega undir sænskum fána, er það er eign hlutafélags, enda hafi stjórn félagsins aðsetur í Svíþjóð og sé skipuð hluthafa eða hluthöfum, sem hafa sænskan ríkisborgararétt. Samkvæmt þessu varð b/v Grimsö sænskt skip.

Það var samkomulag aðilja máls þessa, er Fiskeri A/B Grimsö var stofnað, að gagnáfrýjandi skyldi eiga 30% hlutabréfa í félaginu, en framselja aðaláfrýjendum 70% hlutabréfanna til eignar. Héldu aðaláfrýjendur að þetta samkomulag væri gilt og lögðu svo fyrir, að hluti fjár, sem þeir lögðu fram til útbúnaðar togarans á veiðar, skyldi renna til greiðslu á hlutabréfum þeirra. En samkvæmt 3. gr. sænskra laga frá 22. júní 1939 er óheimilt að framselja útlendingum án leyfis konungs hlutabréf í sænsku hlutafélagi, sem stofnað hefur verið til útgerðar skips. Er slíkt framsal hlutabréfa ógilt og varðar refsingu og fjárupptöku. Var því samkomulag aðilja reist á röngum forsendum.

Sænsk áhöfn tók við b/v Grimsö og var farið til fiskjar á Íslandsmið. Áður en skipið lagði út, bjuggu aðaláfrýjendur það og lögðu því veiðarfæri o. fl. til bráðabirgða. Samkvæmt bréfi þeirra frá 29. júlí 1948 höfðu þeir þá greitt vegna togarans nálægt kr. 150 000.00, og voru þeir taldir lánardrottnar að fjárhæð þessari í bókum Fiskeri A/B Grimsö. Vildu þeir nota nokkurn hluta hennar til greiðslu á hlutabréfum þeim, er þeir héldu sig eiga tilkall til, en þau fengu þeir ekki. Kvað gagnáfrýjandi ekki gengið frá þeim til fulls.

Útgerð b/v Grimsö gekk illa. Aðaláfrýjendur höfðu lagt nokkurt fé í hana til bráðabirgða, svo sem áður sagði. En aðallega var hún rekin fyrir fé, sem gagnáfrýjandi lét fyrir-tækið A/B Atlantproduktur leggja fram. Var það skráð lánardrottinn að því fé í reikningum Fiskeri A/B Grimsö. Aðiljar vonuðu, að úr myndi rætast, en þeim varð ekki að von sinni. Tapið jókst, unz útgerðinni var hætt á öndverðu ári 1949. Í júní það ár fóru aðaláfrýjendur til Gautaborgar til

ráðagerða með gagnáfrýjanda. Lagði hann þá fyrir þá reikning, er sýndi um 440 þúsund sænskra króna halla á útgerðinni. Undirrituðu þá gagnáfrýjandi og aðaláfrýjendur fundargerð, þar sem ákveðið var, að aðaláfrýjandi Oddur skyldi rannsaka möguleika á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í íslenskum banka á reikning A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö í því skyni að lækka tap þess félags. Fé þetta skyldu þeir leggja fram Oddur Helgason og Stefán Franklín sem fulltrúi fyrir Engey h/f, en meðan á þessu stæði, skyldi gagnáfrýjandi reyna að verjast lánardrottnum. Orðalag þessarar fundargerðar er ekki skýrt. Gagnáfrýjandi og sænskt vitni, er viðstatt var, telja, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að útvega féð, en aðaláfrýjendur tjázt hafa einungis tekizt á hendur að reyna að útvega A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö lán á Íslandi, sem gagnáfrýjandi gæti sett sem tryggingu fyrir lántöku í Svíþjóð. Aðaláfrýjendum tókst ekki að útvega féð. Í júlí 1949 var gagnáfrýjandi staddur hér á landi. Hinn 16. þ. m. samdrist svo með aðiljum, að aðaláfrýjendur felldu niður kröfur sínar á hendur Fiskeri A/B Grimsö, að fjárhæð hér um bil s. kr. 110 500.00, svo og kröfur Engeyjar h/f um það bil s. kr. 35 132.02. Loks tókust aðaláfrýjendur á hendur að greiða skuld Fiskeri A/B Grimsö við íslenzkan aðilja, s. kr. 15 422.86. Í september s. á. kom gagnáfrýjandi enn til landsins ásamt lögfræðingi sínum. Sömdu aðiljar þá enn um skuldaskiptin og urðu ásáttir um að fella úr gildi kaup Fiskeri A/B Grimsö á togaranum. Var Engey h/f í því skyni gert gjaldprotá, og keyptu aðaláfrýjendur á opinberu uppboði veðskuldarbréf þau, sem Fiskeri A/B Grimsö hafði gefið út. Aðaláfrýjandi Oddur fékk handveði Landsbankans í veðskuldarbréfunum létt af, en setti bankanum í staðinn að handveði ýmis verðbréf, að nafnverði um kr. 700 000.00 og gaf út veðbréf til bankans að fjárhæð kr. 360 000.00 með 4. veðrétti í 60% húseignarinnar nr. 4 við Borgartún í Reykjavík. Afhentu aðaláfrýjendur síðan Fiskeri A/B Grimsö nefnd veðskuldabréf og fengu afsal fyrir togaranum hinn 15. okt. 1949. Ekki minntist gagnáfrýjandi á það, er samningar þessir voru gerðir, að hann myndi krefja aðal-

áfrýjendur frekari ábyrgðar á skuldbindingum Fiskeri A/B Grimsö.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjendur um greiðslu á 70% af því fé, sem hann eða A/B Atlantprodukter lögðu fram til útgerðar b/v Grimsö. Telur gagnáfrýjandi, að um félagsútgerð hafi verið að tefla, en Fiskeri A/B Grimsö hafi einungis verið sýndarfélag. Samkvæmt gögnum málsins var hlutafélag þetta, svo sem áður segir, stofnað að sænskum lögum. Hinsvegar var samkomulag aðilja um, að aðaláfrýjendur eða Íslendingar fengju 70% hlutabréfanna, ógilt að lögum Svía. Aðaláfrýjendur yrðu því aðeins taldir persónulega ábyrgir fyrir skuldum Fiskeri A/B Grimsö, að þeir hafi tekið á sig slíka ábyrgð, svo að gilt sé að lögum, enda verður persónuleg ábyrgð aðaláfrýjanda á skuldum hlutafélagsins alls ekki reist á því, að þeir máttu sjá við stofnun þess, að það brysti rekstrarfé. Eigi þykir verða lagður sá skilningur í hina óskýru fundarbókun, sem aðaláfrýjendur undirrituðu í Gautaborg hinn 14. júní 1949 um tilraunir til fjáröflunar á Íslandi, að aðaláfrýjendur vildu með henni taka á sig persónulega ábyrgð á skuldum Fiskeri A/B Grimsö. Það er hvorttveggja, að fundarbókunin er óglögg, þar sem rætt er um „möguleika á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í íslenskum banka,“ og að hún er óákveðin að öðru leyti. En víst er, að aðaláfrýjendur voru, er fundargerðin var undirrituð, haldnir þeirri villu, að þeir hefðu verið og væru hlutdeildarmenn í Fiskeri A/B Grimsö. Þá verður ekki séð, að miðað hafi verið við persónulega ábyrgð aðaláfrýjenda á skuldum hlutafélagsins, er þeir samþykktu að gefa eftir kröfur sínar á hendur því hinn 16. júlí 1949, né heldur er þeir í september s. á. sömdu við gagnáfrýjanda um að láta togarakaupin ganga úr gildi og aðaláfrýjandi Oddur Helgason tók á sig í því sambandi skuldbindingar við Landsbankann. Var og áskilnaður af hendi gagnáfrýjanda nauðsynlegur, er aðiljar sömdu í september 1949, ef gagnáfrýjandi ætlaði að gera aðaláfrýjendur persónulega ábyrga á skuldum Fiskeri A/B Grimsö. Hæstaréttarlögmaður sá, sem var aðaláfrýjendum til ráðuneytis við sammingsgerðina í sept. 1949, hefur og lýst því, að aðgerðir sínar og ráðleggingar hafi

verið við það miðaðar, að um fullnaðarskil aðilja væri að tefla.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, eru ekki efni til að taka kröfu gagnáfrýjanda í málinu til greina og ber því að sýkna aðaláfrýjendur.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð :

Aðaláfrýjendur, Oddur Helgason og Stefán Franklín, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Allan Erlandssons, í máli þessu.

Aðiljar beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Þrátt fyrir það, þótt Fiskeri A/B Grimsö í Gautaborg væri löglega stofnað að sænskum lögum og b/v Grimsö a. m. k. formlega eign þess félags, tel ég ljóst af gögnum málsins, að aðaláfrýjendur og gagnáfrýjandi hafi gert skip þetta út í félagi á því tímabili, sem hér skiptir máli, enda þótt reksturinn væri skráður á nafn hlutafélagsins. Þessu til stuðnings vísa ég til greinargerðar héraðsdóms um aðdraganda að stofnun Fiskeri A/B Grimsö og um afskipti aðilja af útgerð botnvörpungsins, svo og til raka héraðsdóms um þetta atriði, annarra en þeirra, að hlutafélagið hafi verið ólöglegt. Vil ég sérstaklega leggja áherzlu á, að Fiskeri A/B Grimsö var þess gersamlega vanmagnugt að reka slíka útgerð, sem ráðin var, sakir skorts á fjármagni, en lánstraust jafn févana hlutafélags til að reka áhættusama atvinnu hlaut að vera mjög takmarkað.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu og rakið er í héraðsdómi um fyrirhugaða hlutdeild aðilja í útgerð b/v Grimsö, tel ég, að aðaláfrýjendur hafi borið áhættu af rekstri félagsútgerðarinnar að 7/10 hlutum, en gagnáfrýjandi að 3/10 hlutum, enda komu engir aðrir en aðaláfrýjendur fram gagnvart gagnáfrýjanda sem þátttakendur í útgerðinni.

Þegar stórfellt tap var orðið á rekstri b/v Grimsö, tóku aðiljar að ráðgast um, hvernig úr því skyldi bæta, og er það rakið bæði í héraðsdómi og dómi Hæstaréttar. Með yfirlýsingu dags. 16. júlí 1949 féllu aðaláfrýjendur frá kröfum, er þeir töldu sig eiga á hendur Fiskeri A/B Grimsö, og leystu það undan öðrum kröfum hérlendra lánardrottna, en að vætti hæstaréttarlögmanns þess, sem aðstoðaði gagnáfrýjanda í samningaumleitunum aðilja, gerði gagnáfrýjandi þá áskilnað um frekari kröfur á hendur aðaláfrýjendum. Hinn 8. september s. á. gerði aðiljar enn með sér samning, og var höfuðefni hans, að aðaláfrýjendur skyldu reyna að ná eignarhaldi á veðskuldarbréfum h/f Engeyjar í b/v Grimsö og leysa þau úr veðböndum við Landsbanka Íslands, sem hafði þau að handveði. Skyldu þeir síðan afhenda þau kvittuð til aflýsingar til Fiskeri A/B Grimsö gegn afhendingu botnvörpungsins á þann hátt, sem nánar var tilgreint. Heppnaðist aðaláfrýjendum þetta, og setti aðaláfrýjandi Oddur Helgason Landsbanka Íslands ýmsar eignir sínar að veði til þess að fá veðskuldabréfin leyst úr handveði. Gagnáfrýjandi, sem lagði mjög ríka áherzlu á að fá aðaláfrýjendur til að gera samning þenna, þar sem hann að sænskum lögum bar ábyrgð á skuldum Fiskeri A/B Grimsö, gerði engan áskilnað um frekari kröfur á hendur þeim, ef þetta næði fram að ganga. Er ég sammála meiri hluta dómenda um, að hann hafi með þessum áskilnaðarskorti firrt sig rétti til að koma fram með kröfur þær á hendur aðaláfrýjendum, sem hann hafur uppi í máli þessu. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að hver aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu verður dómsorð mitt samhljóða dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. jan. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Allan Erlandsson, framkvæmdastjóri í Gautaborg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dagsettri 6 marz f. á., gegn Oddi Helgasyni framkvæmdastjóra, Þingholtsstræti 34, og Stefáni Franklín framkvæmdastjóra, Reykjahlíð 12, báðum hér í bænum, *adallega* til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð sænskar

kr. 344.357.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Til vara hefur stefnandi krafizt jafngildis fjárhæðarinnar í íslenskum krónum, auk vaxta og málskostnaðar, eins og fyrr greinir. Hefur hann áskilið sér rétt til að tiltaka þá fjárhæð síðar í málinu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Að ósk lögmanna málsaðilja og með samþykki dómsins var sakarefninu skipt, og er málið að þessu sinni aðeins flutt um greiðsluskyldu stefndu gagnvart stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að stefndu yrði dæmt skylt að greiða honum $\frac{7}{10}$ hluta af þeim halla, sem varð af rekstri b/v Grimsö á tímabilinu frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1949 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Stefndu kröfðust sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1945 keypti Fiskveiðahlutafélagið Engey togarann Drangey af samnefndu hlutafélagi, en það hlutafélag hafði hins vegar keypt togarann af Kveldúlfi h.f. fyrir kr. 700.000.00 árið áður. Stefndu í máli þessu voru hluthafar bæði í Drangey h.f. og Engey h.f. Áttu þeir allan þorra hlutabréfanna í Engey h.f., þannig að stefndi Stefán átti 60% hlutafjárins, en stefndi Oddur 30%.

Engey h. f. kostaði allmiklu fé til viðhalds b/v Drangeyjar og var framkvæmd „klössun“ á togaranum á árunum 1945—1946. Er því ómótmælt haldið fram af stefndu, að kostnaður við „klössun“ þessa hafi numið nálægt einni milljón króna. Hins vegar varð mikið tap á rekstri b/v Drangeyjar, er frá leið, og skuldir Engeyjar h.f. fóru vaxandi.

Þegar hatur Engeyjar h.f. þrengdist, tóku stefndu að íhuga möguleika á sölu b/v Drangeyjar. Telja þeir, að borizt hafi kauptilboð í togarann frá Færeijum fyrir 700 þúsund danskar krónur, en því tilboði hafi verið hafnað, þar sem Landsbanki Íslands hafi talið verðið of lágt og ekki samþykkt söluna. Síðari hluta árs 1947 fengu stefndu Egil nokkurn Ragnars til að kynna sér möguleika á sölu eða yfirfærslu togarans til Danmerkur. Þessar tilraunir stefndu og Egils Ragnars komust á þann rekspöl, að hafinn var undirbúningur að stofnun félags í Danmörku, til að kaupa togarann og gera hann út. Skyldu þátttakendur í þeim félagsskap vera bæði danskir og íslenskir og meðal þeirra stefndu í máli þessu, en ekki er fyllilega upplýst um væntanleg eignarhlutföll milli einstakra þátttakendra. Þann 29. október 1947 gerði Geir Borg f. h. hins fyrirhugaða félags, sem nefnt var „Nord Atlantic Fiskeri Selskab“, Engey h.f. kauptilboð í b/v Drangey fyrir eina milljón danskra króna. Var þá miðað við, að togaranum fylgdu öll veiðarfæri hans, áhöld, varahlutir og kol í öllum kolaþúrum. Þessar fyrirætlanir komu þó aldrei til framkvæmda, þar sem dönsk yfirvöld synjuðu um innflutningsleyfi fyrir togaranum snemma árs 1948.

Stefndu sneru sér nú til stefnanda, en hann var þeim áður kunnur. Í samskeyti til hans 13. febr. 1948 kváðust þeir hafa áhuga á að yfirfæra

togara sinn Drangey tilý Gautaborgar. Verðið yrði að vera s. kr. 800.000.00 og greiðast með 15% af brúttótekjum, en skipið ætti að stunda saltfiskveiðar allt árið. Kváðust stefndu hafa áhuga á þátttöku í væntanlegu félagi og báðu stefnanda að hafa samband við Egil Ragnars í Esbjerg, ef stefnandi hefði áhuga á þessu. Ennfremur kveður stefnandi stefnda Stefán einnig hafa símað til sín um þetta leyti og beðið sig að vera stefndu hjálplegan við að koma b/v Drangey undir sænskan fána. Kveðst stefnandi hafa tekið þeim tilmælum vel, vegna kunningssskapar síns við stefnda Stefán.

Þegar stefnandi hafði fengið upplýsingar um togarann frá Agli Ragnars, leitaði hann leyfis sænskra yfirvalda til að fá togarann fluttan inn til Svíþjóðar. Var A/B Atlantprodukter í Gautaborg, en stefnandi er forstjóri þess, veitt innflutningsleyfi fyrir togaranum 10. marz. Tilkynti stefnandi stefndu um leyfisveitinguna með bréfi þegar næsta dag. Jafnframt spurðist hann fyrir um það hjá þeim, hvort ganga ætti að þeim skilyrðum, sem hin sænsku gjaldeyrisyfirvöld settu fyrir henni.

Í byrjun apríl fór stefndi Stefán ásamt Agli Ragnars til Gautaborgar til nánari samninga við stefnanda um þessi mál og viðræðna um félagsstofnun til að kaupa og gera b/v Drangey út. Stefnanda var boðið að eiga 10—30% í væntanlegu félagi og kaus hann að eiga 30%. Hins vegar var um það talað, að 70% yrðu í eigu íslenzkra aðilja, og telur stefnandi, að ekki hafa verið á aðra minnzt í því sambandi en stefndu eina. Kveða stefndu það hafa orðið að samkomulagi með stefnanda og stefnda Stefáni, að íslenzkum aðiljum yrði seld allt að 70% í hlutafélagi, sem stofnað yrði um reksturinn. Hafi verið gengið út frá, að stefndu keyptu 5—7½% af hlutabréfunum hvor, en Egill Ragnars og Geir Borg hitt. Þann 8. apríl undirrituðu síðan stefndi Stefán f. h. Engeyjar h.f. og stefnandi f. h. hlutafélags, sem væri verið að stofna, kaupsamning um b/v Drangey. Kaupverðið var s. kr. 800.000.00 og átti að greiðast með 15% af brúttóafslösum togarans. Skyldi seljanda heimilt að kynna sér bækur og skjöl útgerðarinnar til þess að fylgjast með, að staðið væri í skilum með afborganir. Eignarréttur að togaranum átti að yfirfærast til kaupanda, þegar kaupverðið væri að fullu greitt eða skuldabréf með veði í togaranum gefin út fyrir því.

Þann 4. maí var stofnfundur haldinn í hinu fyrirhugaða hlutafélagi. Nefndist það Fiskeriaktiebolaget Grimsö og var síðar skrásett með því nafni. Samkvæmt stofnfundargerðinni voru stofnendur og hluthafar þrír: Stefnandi, kona hans, Sigríður Erlandsson, og lögfræðingur hans, Nils Jacobson. Stefnandi var talinn eigandi 95 hlutabréfa af 100, kona hans eigandi að 3 hlutabréfum og Nils Jacobsen 2. Um upphæð hlutafjár er ekkert greint í stofnfundargerðinni. Ráðagerðir höfðu verið um það með aðiljum, að hlutaféð yrði 10—30 þús. sænskar krónur og endanlega var ákveðið, að það yrði s. kr. 10.000.00. Á stofnfundinum sátu þeir báðir, stefndi Stefán og Egill Ragnars, en að félagsstofnuninni lokinni hraðaði stefndi Stefán sér aftur til Íslands, en Egill Ragnars varð eftir í Gautaborg.

Stefnandi framseldi Fiskeri A/B Grimsö réttindin samkvæmt samningnum við Engey h.f. Þá gaf hann og út f. h. félagsins tvö veðskuldabréf með 1. og 2. veðrétti í togaranum, hvort að fjárhæð s. kr. 400.000.00, fyrir kaupverði hans og voru afborgunarskilmálar samkvæmt kaupsamningnum, þ. e. a. s. greiða átti 15% af brúttóafli í afborganir samtals af báðum bréfunum. Þegar stefnandi gaf út skuldabréfin, strikaði hann yfir vaxtaákvæði þeirra og færði þau rök fyrir því, að verð togarans hefði verið ákveðið hærra en eðlilegt var, þrátt fyrir mótmæli sín, enda teldi hann, að þetta skipti stefndu engu máli. Sendi stefnandi síðan Engey h.f. veðskuldabréfin með bréfi, dags. 12. maí. Í bréfinu undanþiggur stefnandi kaupanda ábyrgð á greiðslu veðskuldabréfanna um fram það, sem vátryggingarfjárhæð togarans hrykki til, ef hann færizt. Hreyfðu stefndu engum athugasemdum, þó að stefnandi hefði fellt niður vaxtaákvæði skuldabréfanna.

Engey h.f. hafði veðsett Landsbanka Íslands b/v Drangey fyrir skuldum sínum við bankann. Námu þær veðskuldir kr. 650.000.00, og ábyrgðust stefndu þær jafnframt persónulega. Landsbankinn féllst á að leysa togarann úr veðböndum gegn handveði í veðskuldabréfum Fiskeri A/B Grimsö. Gátu stefndu þannig afhent togarann kvaðalausán, og fékk hann nú nafnið Grimsö.

Stefnandi og stefndi Stefán höfðu samið svo um, að stefndu skyldu leggja fram fé til bráðabirgða til að búa b/v Grimsö að öllu leyti í fyrstu veiðiförina, en stefnandi sendi hingað sænska áhöfn til að taka við togaranum. Togarinn virðist a. m. k. aðallega hafa stundað veiðar á Íslandsmiðum og kom oft hingað til hafnar. Önnuðust stefndu þá margvíslegar greiðslur fyrir hann, eftir því sem geta þeirra leyfði og lögðu þannig smám saman út mikið fé fyrir útgerðina, vegna kaupa á rekstursvörum fyrir togarann, vegna launagreiðslna til skipverja o. s. frv. Nokkuð fengu stefndu hins vegar endurgreitt þannig, að til þeirra rann andvirði lýsis, sem skipað var upp úr togaranum hér. Þá höfðu þeir og íhlutun um rekstur togarans, m. a. um það að ráðnir væru nokkrir nýir menn á togarann í stað þeirra, sem stefnandi hafði ráðið, en sumir þeirra höfðu reynzt óhæfir að dómi stefndu.

Með bréfi, dags. 29. júlí 1948, sendu stefndu Fiskeri A/B Grimsö ýmsa reikninga, sem þeir höfðu þá þegar greitt fyrir togarann. Námu þeir samtals sem næst kr. 150.000.00. Óskuðu stefndu, að af þessari upphæð yrði kr. 38.364.21 færðar þeim til tekna sem innborgað hlutafé, að fjárhæð s. kr. 21.000.00. Álitu stefndu þessa greiðslu 70% hlutafjárins, því að þeir virðast hafa gert ráð fyrir, að það væri alls s. kr. 30.000.00. Um sumarið eða haustið 1948 var stefndi Stefán staddur í Gautaborg, og kveður stefnandi hann hafa komið þangað að sinni beiðni. Í þetta skipti spurði stefndi Stefán stefnanda eftir hlutabréfum stefndu. Kvað stefnandi ekki frá þeim gengið til fulls og telur að eftir hafi verið að stimpla þau. Varð því eigi úr, að stefndu fengju hlutabréf sín afhent að þessu sinni. Eftir þetta kom aldrei til þess, að stefndu æsktu afhendingar hlutabréfanna, og voru þau aldrei afhent.

Til þess kom ekki, að Engey h.f. réði nokkurn trúnaðarmann til að fylgjast með rekstri Fiskeri A/B Grimsö til eftirlits með því, að staðið væri í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfunum. Hins vegar var svo ákveðið á fundi málsaðilja, sem haldinn var 9. júní 1948, en stefnandi var þá staddur hér á landi, að Egill Ragnars skyldi vera aðstoðarframkvæmdastjóri Fiskeri A/B Grimsö við hlið stefnanda. Í bréfi, sem stefndu rituðu stefnanda daginn eftir til staðfestingar þessari ráðningu, segir, að ákvörðunin hafi verið tekin af hluthafafundi í A/B Grimsö. Er bréfið undirritað af stefndu og ennfremur af stefnda Oddi f. h. Geirs Borg.

Mikill halli varð á rekstri Fiskeri A/B Grimsö. Sjálft skorti félagið rekstursfé frá upphafi, en stefnandi lét fyrirtæki sitt A/B Atlantprodukter leggja fram mikið fjármagn til að mæta tapinu, auk þess sem stefndu önnuðust margvíslegar greiðslur fyrir togarann hér á landi, eins og fyrr segir. Síðla árs 1948 kom stefndi Oddur til Gautaborgar. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð honum, að hann hefði þegar lagt fram s. kr. 150.000.00 til útgerðarinnar og hefði hann áhyggjur af því, hvernig það færi. Stefndi Oddur hafi hins vegar kennt óhagstæðu veðurfari um erfiðleika útgerðarinnar og fullvissað stefnanda um, að hann fengi fé sitt aftur í einni eða tveimur veiðiferðum, er veður batnaði. Kveðst stefnandi því hafa búið skipið enn á veiðar í þeirri von, að úr rættist. Hafi sú von og styrkst við það, að stefndu höfðu ráðið Íslenzkan fiskiskipstjóra á togarann. Ekki tókst hins vegar að rétta hag útgerðarinnar, og jókst tapið af rekstrinum stöðugt, unz að því kom fyrri hluta árs 1949, að útgerð b/v Grimsö var hætt.

Með ítrekuðum símskeytum síðari hluta maímánaðar 1949 lagði stefnandi mjög hart að stefndu að koma til Gautaborgar til viðræðna við sig. Fóru stefndu til Gautaborgar fyrri hluta júní. Stefndu kveðast hafa farið för þessa að ósk Landsbankans til að innheimta gjaldkræfar afborganir af skuldabréfunum, en ekkert er komið fram um það í málinu að öðru leyti. Áttu nú málsaðiljar fund um tapið af útgerð b/v Grimsö og hverjar leiðir væru til úrbóta. Fundi þessa sátu ennfremur Egill Ragnars og Áke nokkur Lundberg, sem gert hafði um þetta leyti bráðabirgðareikningsyfirlit fyrir stefnanda um fjárhag Fiskeri A/B Grimsö. Yfirlit þessi, sem sýndu um það bil 440 þúsund sænskra króna halla á útgerðinni, lagði stefnandi fyrir stefndu. Í þessu sambandi var um það rætt, að stefndu öfluðu fjár á Íslandi til að rétta hag útgerðarinnar, og var talað um fjárhæð, sem næmi isl. kr. 800.000.00 eða s. kr. 400.000.00. Árangur viðræðnanna varð sá, að því er segir í fundargerð, dags. 14. júní 1949, sem lögð hefur verið fram í málinu, undirrituð af stefnanda og stefnda Stefáni, að ákveðið var að reyna að selja b/v Grimsö á leigu. Ennfremur, að stefndi Oddur skyldi rannsaka, hverir möguleikar væru á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í Íslenzkan banka á reikning A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö í því skyni að lækka tap félagsins. Fé þetta skyldu þeir leggja fram, stefndi Oddur og stefndi Stefán sem fulltrúi fyrir Engey h.f. Loks að á meðan stefndi Oddur gerði athuganir sínar, skyldi stefnandi reyna að tefja fyrir hinum ýmsu lánardrottnum

félagsins, með öðrum orðum „verjast“. Kveður stefnandi stefndu hafa lofað að útvega féð innan ákveðins tíma, og í svipaða átt hnígur vætti Áke Lundbergs, sem kveður stefndu hafa lofað svari innan átta daga og skuldbundið sig til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að útvega féð. Þó hafi þeir gert fyrirvara með tilliti til þess möguleika, að þeir gætu ekki sett bankanum nægar tryggingar undir eins. Stefndu hafa hins vegar haldið því fram, að þeir hafi skilið umræðurnar og fundargerðina þannig, að þeir reyndu að útvega A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö lán á Íslandi, sem stefnandi gæti sett sem tryggingu við lántöku í Svíþjóð. Engin sérstök fjárhæð hafi verið nefnd í því sambandi og stefndu verið trúlitlir á, að þeim tækist lánsfjáröflunin. Áður en stefndu fóru frá Gautaborg, fóru þeir ásamt Agli Ragnars, að því er hann hefur skýrt frá fyrir dómi, í Skandinaviska Banken þar í borg til að leita fyrir sér um frest á greiðslu gjaldkræfra afborgana af veðskuldabréfunum í b/v Grimsö, en banki þessi hafði þau til innheimtu fyrir Landsbankann.

Nokkru eftir brottför stefndu kveður stefnandi Egil Ragnars hafa tjáð sér, að stefndi Oddur hefði spurzt fyrir um það í símtali, hvort eigi væri nægilegt, að stefndu útveguðu 70% þeirrar fjárhæðar, sem við hefði verið miðað í viðræðum málsaðilja. Þessari málaleitan kveðst stefnandi þó hafa synjað algerlega. Stefndi Oddur hefur hins vegar eindregið neitað, að hann hafi átt slíkt símtal við Egil Ragnars. Og í vætti sínu hér fyrir dómi kannaðist Egill Ragnars ekki við, að stefndu hefðu mælt til þess við sig, að fjárhæð sú, sem um var rætt á fundinum í Gautaborg, yrði lækkuð. Kvaðst hann heldur af sjálfsdáðum hafa innt stefnanda að því, hvort eigi nægði, að stefndu útveguðu eitthvað minni fjárhæð en ísl. kr. 800.000.00. Við því hefði stefnandi engin svör viljað gefa.

Stefndu tókst ekki hin fyrirhugaða fjárútvegur, og skömmu síðar kom stefnandi hingað til lands. Áttu aðiljar enn fund um málefni Fiskeri A/B Grimsö. Samdist svo með þeim þann 16. júlí, að stefndu persónulega og Engey h.f. féllu frá öllum fjárkröfum, sem þau ættu á hendur Fiskeri A/B Grimsö, að undanskildum kröfum Engeyjar h.f. samkvæmt veðskuldabréfunum. Voru eftirgefnar kröfur Engeyjar h.f. taldar vera að fjárhæð s. kr. 35.132.02. Og samkvæmt yfirliti því um skuldir Fiskeri A/B Grimsö, sem við var miðað, námu hinar eftirgefnu kröfur stefndu um það bil s. kr. 110.500.00. Loks tóku stefndu að sér með samningi þessum að greiða skuld Fiskeri A/B Grimsö við Geir Borg. Var sú skuld talin s. kr. 15.422.82.

Stefnanda var nú orðið það mikið áhugamál að fá veðskuldabréfin afhent, gegn því að skila b/v Grimsö, en af veðskuldabréfunum höfðu ekki verið greiddar nema s. kr. 15.133.00. Fór hann því aftur til Íslands um mánaðarmótin ágúst—september ásamt Nils Jacobsen, lögfræðingi sínum, til að semja um þau mál við stefndu. Í þeim viðræðum héldu stefnandi og lögfræðingur hans sig eingöngu að því, að fá stefndu til að afhenda veðskuldabréfin, gegn því að togaranum væri skilað, en viku ekki að því að krefja stefndu um frekari þátttöku í tapi Fiskeri A/B Grimsö, enda álitu þeir slíkar kröfur geta torvelað, að stefndu fengjust til að

afhenda skuldabréfin. Eigi var unnt að láta kaupin um togarann ganga til baka, nema með því að láta taka Engey h.f. til gjaldþrotaskipta. Var það gert, og samdist nú svo með aðiljum 8. september, að á opinberu uppboði, sem fram átti að fara á veðskuldabréfunum, skyldu stefndu reyna að kaupa þau, enda yrði verð þeirra ekki óeðlilega hátt að dómi stefndu. Skuldbundu stefndu sig til þess að afhenda Fiskeri A/B Grimsö skuldabréfin kvittuð, ef stefndu yrðu eigendur þeirra. Gegn þessu skyldi Fiskeri A/B Grimsö afhenda þeim b/v Grimsö ásamt fylgifé, veiðarfærum, vistum og kolum, sem væru í skipinu. Áttu stefndu að greiða allan kostnað vegna togarans frá 15. okt. 1949, enda yrði ekkert til fyrirstöðu af hálfu Fiskeri A/B Grimsö, að kaupin gengju til baka fyrir þann tíma.

Þar sem margnefnd veðskuldabréf höfðu verið sett Landsbankanum að handveði til tryggingar skuldum Engeyjar h.f., sem stefndu ábyrgðust jafnframt persónulega, þurfti að fá þau leyst úr veðböndum. Til þess að það yrði gert, setti stefndi Oddur Landsbankanum að handveði ýmis verðbréf, að nafnverði um kr. 700.000.00, og gaf út veðbréf, að fjárhæð kr. 360.000.00, með 4. veðrétti í 60% húseignarinnar Borgartúni 4.

Stefndu keyptu skuldabréfin á uppboðinu og afhentu Fiskeri A/B Grimsö þau kvittuð, eins og um var samið, og fengu togarann í staðinn. Sú afhending fór fram í formi kaupgernings um togarann, dags. 15. okt. 1949. Fór í því sambandi fram mat á honum í Svíþjóð, og var verðmæti hans metið s. kr. 120.000.00 og söluverð talið það. Eftir það fluttu stefndu togarann til Danmerkur og mun hann hafa legið þar síðan.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að svo hafi verið um samið með málsaðiljum, að þeir hefðu félagsútgerð um b/v Grimsö, þannig að stefnandi tæki þátt í útgerðinni að 30%, en stefndu að 70%, og að tap og ágóði skyldi skiptast milli málsaðilja í þeim hlutföllum. Hins vegar hefði togarinn eigi fengizt skráður í Svíþjóð, ef félagsútgerð aðilja hefði verið talin gera hann út, því að sænsk lög áskilji, að $\frac{1}{2}$ hlutar eigenda í félagsútgerð séu Svíar. Hafi það því aðeins verið af formlegum ástæðum að horfið hafi verið að því að stofna sérstakt hlutafélag og láta það kaupa togarann og gera hann út. En þar sem í slíkum hlutafélögum væri félagsstjórnin að vera búsett í Svíþjóð og hluthafar sænskir og búsettir þar, hafi hvorugur stefndu verið formlegir hluthafar, enda þótt þeir ættu og greiddu 70% hlutafjárins. Hefur Nils Jacobsen lögfræðingur borið fyrir dómi, að það hafi verið að hans ráðum, að aðiljar hefðu þetta form á útgerðinni.

Stefnandi heldur því fram, að tilætlun stefndu hafi því verið sú, að koma b/v Drangey undir sænskan fána, en ekki selja togarann. Vegna kunningsskapar síns við stefnda Stefán hafi stefnandi fallizt á að vera stefndu hjálplegur við þetta. Og þar sem stefndu hafi ætlað að búa togarann að öllu leyti í fyrstu veiðiförina, hafi hann tekið tilboði þeirra um 30% hlutdeild í útgerðinni. Hins vegar hafi stefndu ráðið öllu um „yfirfærslu“ togarans, þar á meðal kaupverðinu, sem hafi verið miklu hærra en eðlilegt var, enda þótt stefnandi hafi fallizt á það, þar sem það hafi skipt litlu máli vegna eðlis viðskiptanna. Stefndu hafi og verið það fylli-

lega ljóst, að um félagsútgerð málsaðilja væri að ræða, þar sem þeir hafi tekið þátt í stofnun ólöglegs hlutafélags í því skyni að fara í kring um sænsk lög. Hafi það og verið ætlun málsaðilja að gera skriflegan bak-samning um viðskipti sín í bæði skiptin, er stefndi Stefán var í Gautaborg árið 1948, en það hafi aðeins farizt fyrir. Þá sýni hið lága hlutafé A/B Grimsö, að hlutafélaginu hafi ekki verið ætlað að gera togarann raun-verulega út. Og til félagsútgerðar bendi fjárframlög stefndu til útgerðar-innar, bæði í upphafi og síðar, svo og íhlutun þeirra um reksturinn. Þá sé það viðurkennt af stefndu, að þeir hafi átt að eiga 70% af hlutafé í Fiskeri A/B Grimsö, enda neitar stefnandi, að talað hafi verið um hluta-fjáreign þeirra Geirs Borg og Egils Ragnars fyrr en á fundinum 9. júní 1948. Ennfremur sýni samningurinn frá 14. júní 1949, að stefndu hafi talið sér skylt að greiða halla af útgerðinni og ekki litið svo á, að um takmark-aða ábyrgð væri að ræða, og mótmælir stefnandi að rétt sé sú staðhæfing stefndu, að þeir hafi misskilið þann samning.

Í öðru lagi reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að verði ekki talið sannað, að aðiljar hafi samið um að gera b/v Grimsö út fyrir sameigin-legan reikning, þar sem tap og hagnaður skiptist í áður nefndum hlut-föllum, beri stefndu þó persónulega ábyrgð á tapi Fiskeri A/B Grimsö, þar sem hlutafélagið sé ólöglega stofnað. Sumir stofnendanna séu aðeins sýndarhluthafar. Þetta hafi stefndu verið ljóst, enda hafi það verið gert til að koma við þátttöku þeirra í útgerðinni.

Í þriðja lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, að verði ekki talið, að samningur málsaðilja frá 14. júní 1949 og önnur gögn málsins séu full sönnun þess, að um félagsútgerð aðilja hafi verið að ræða, hafi samn-ingur þessi þó að geyma greiðsluloforð stefndu gagnvart stefnanda.

Stefndu hafa eindregið mótmælt, að félagsútgerð hafi verið með aðiljum um rekstur b/v Grimsö. Telja þeir, að hrein sala hafi farið fram á togar-anum vorið 1948 og hvorki þá né síðar hafi verið minnst á félagsútgerð um togarann. Söluverð togarans hafi eigi verið hærra en eðlilegt var, þegar tekið sé tillit til nýlegrar viðgerðar á honum og ennfremur þess, að gjaldfrestur var veittur á öllu kaupverðinu og vextir eigi greiddir. Rekstur hans hafi eingöngu verið á ábyrgð Fiskeri A/B Grimsö og stefndu með öllu óviðkomandi. Að vísu hafi íslenzkir aðiljar átt rétt á að kaupa 70% hlutabréfanna í Fiskeri A/B Grimsö, þar af stefndu sjálfir 5—7½% hvor. Hafi sú þátttaka verið fyrirhuguð til þess eins, að stefndu gætu fremur fylgzt með rekstrinum. Hins vegar hafi aldrei til þess komið, að stefndu eða aðrir íslenzkir aðiljar yrðu hluthafar, enda hafi stjórn A/B Grimsö ekki fengið til að afhenda þeim hlutabréf í félaginu. Hafa stefndu í því sambandi haldið fram, að í bækur Fiskeri A/B Grimsö hafi ekki verið færð nein hlutafjárgreiðsla frá þeim. Þá hafa stefndu og haldið því fram, að afskipti þeirra af útgerð b/v Grimsö hafi stafað af því, að þeir hafi átt hagsmuna að gæta af því, að rekstur togarans gengi sem best, þar sem hlutafélag þeirra, Engey h.f., hafi verið aðalkröfuhafi Fiskeri A/B Grimsö. Eigi að síður hafi það verið stefnandi, sem ráðið hafi rekstrinum, og oft og einatt haft ráðleggingar stefndu að engu, félaginu til tjóns. Og

Agli Ragnars, sem ráðinn var aðstoðarframkvæmdastjóri fyrir atbeina stefndu, hafi stefnandi haldið utan við reksturinn eftir föngum. Þá telja stefndu, að stefnandi hafi engar kröfur gert um það, að þeir tækju persónulega þátt í tapi Fiskeri A/B Grimsö, fyrr en stefna var gefin út í málinu. Hafa stefndu í því sambandi sérstaklega andmælt, að stefnandi hafi gert slíkar kröfur í samningsviðræðum sínum við stefndu í júní og júlí 1949. Sýni þetta, að stefnandi hafi eigi talið, að félagsútgerð væri með aðiljum né að stefndu ábyrgðust skuldir Fiskeri A/B Grimsö persónulega.

Loks hafa stefndu haldið því fram, að hafi verið um félagsútgerð að ræða, hafi það verið Engey h.f., en ekki stefndu persónulega, sem tóku þátt í henni með stefnanda. Ennfremur var því hreyft af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að þótt þeir yrðu taldir þátttakendur í félagsútgerð um b/v Grimsö, hefðu þeir þegar greitt sinn hluta af tapinu.

Ekki þykir unnt að skilja símskeyti stefndu til stefnanda 13. febr. 1948 öðruvísi en sem tilboð um þátttöku í útgerð b/v Drangeyjar frá Gautaborg. Til þessa bendir bæði orðalag símskeytisins, fyrirmæli stefnda um það, hverjar veiðar togarinn ætti að stunda og hið fyrirhugaða fyrirkomulag á greiðslu andvirðis togarans. Það virðist og hafa verið skilningur stefnanda, að tilboð stefndu væri þessa eðlis, enda leitaði hann fyrirmæla þeirra um það, hvort ganga ætti að þeir skilyrðum, sem sett voru fyrir innflutningi togarans. Og samkvæmt vætti Nils Jacobson var þetta skoðun stefnanda á eðli viðskiptanna. Kaupverði togarans réðu stefndu, enda þótt stefnandi teldi það of hátt, og af þeim ástæðum tók hann sér sjálfur vald til að strika út vaxtaákvæði þau, sem upphaflega voru sett í veðskuldabréfin. Auk þess gerði stefnandi, eins og áður segir, fyrirvara í bréfi um greiðslu veðskuldanna, ef togarinn færizt. Það er viðurkennt af stefndu, eins og fyrr segir, að á fundum stefnanda og stefnda Stefáns í Gautaborg vorið 1948 var gert ráð fyrir því, að íslenzkir aðiljar ættu 70% hlutafjár í Fiskeri A/B Grimsö. Hins vegar er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þá hafi verið talað um þátttöku annarra Íslendinga en stefndu einna. Og ljóst er, að á fundi málsaðilja í Reykjavík 9. júní s. á. töldu stefndu sig sjálfa þá þegar hluthafa í Fiskeri A/B Grimsö, enda þótt engar breytingar hefðu þá orðið um hina formlegu hlutafjäreign síðan á stofnfundi. Eins og áður getur, sendu stefndu ennfremur með bréfi sínu 29. júlí 1948 greiðslu á 70% af því, sem þeir töldu hlutafé Fiskeri A/B Grimsö. Stefndu tókust á hendur í upphafi að leggja fram til bráðabirgða fjármagn til að búa b/v Grimsö í fyrstu veiðiferð og síðar inntu þeir einnig venjulegar greiðslur af hendi fyrir útgerðina og höfðu afskipti af rekstri togarans. Á fundi málsaðilja í Gautaborg í júní 1949 tókust stefndi Stefán f. h. Engeyjar h.f. og stefndi Oddur á hendur að leggja fram fé til greiðslu á tapi Fiskeri A/B Grimsö, enda er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þeir hafi misskilið þann samning. Samtímis unnu þeir að því að fá gjaldfrest á greiðslum afborgana af margnefndum veðskuldabréfum. Síðar gáfu stefndu eftir allar kröfur sínar á Fiskeri A/B Grimsö

og samþykktu að láta kaupin um togarann ganga til baka, þó þá virðist hafa verið orðið augljóst, að skipið var mun minna virði en upphæð veðskuldanna á því nam. Verður, þegar allar þessar aðgerðir stefndu eru virtar, að telja sannað, að stofnaður hafi verið með málsaðiljum félagskapur um kaup b/v Drangeyjar, yfirfærslu togarans til Svíþjóðar og útgerð hans.

Samkvæmt sænskum lögum verður hlutafélag ekki stofnað löglega með færri en 3 stofnendum. Við stofnun Fiskeri A/B Grimsö voru stofnendur 3. Hins vegar hefur einn þeirra viðurkennt að hafa verið sýndarfélagi, og samkvæmt vætti Egils Ragnars var sérstaklega um það talað á stofnfundinum. Þegar þess er einnig gætt, að hlutafjárupphæð Fiskeri A/B Grimsö virðist ósamrímamleg tilgangi félagsins og ennfremur haft í huga það, sem rakið hefur verið um afskipti og aðra þátttöku stefndu í fyrirtækinu, verður að telja sannað, að um sýndarfélag hafi verið að ræða. Samkvæmt því hafa stefndu ekki sannað, að ábyrgð þeirra á tapi félagsins hafi verið takmörkuð á löglegan hátt. Það er ekki sannað, að Geir Borg eða Egill Ragnars hafi orðið raunverulegir þátttakendur í útgerð b/v Grimsö, enda hefur hvorugur aðilja haldið því fram. Það er ekki heldur sannað, að stefndu einir hafi verið þátttakendur í útgerðinni að 70 hundraðshlutum. Þar sem því er ósannað, hvernig eignarhlutföllum milli málsaðilja hafi verið háttað, verður að telja, að þeir ábyrgist skuldir félagsskaparins að $\frac{1}{3}$ hluta hver.

Stefndu hafa haldið því fram til vara, að með samningnum 8. september 1949 hafi farið fram fullnaðaruppgjör milli málsaðilja varðandi sölu og rekstur b/v Grimsö. Í samningnum er slíkt þó ekki orðað sem skilyrði af hálfu stefndu. Að vísu lét stefnandi og lögfræðingur hans þess ógetið við stefndu við samningsgerð þessa, að ætlunin væri að gera frekari kröfur á hendur þeim í sambandi við rekstur b/v Grimsö, en eigi verður heldur talið, að þeir hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að viðskiptum málsaðilja væri lokið með samningi þessum.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit þessa þáttar málsins þau, að hvor hinna stefndu ber gagnvart stefnanda ábyrgð á $\frac{1}{3}$ hluta á þeirri fjárhæð, er stefnandi kann að hafa greitt af halla útgerðar b/v Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. okt. 1949. Ákvörðun um vexti verður tekin, þegar dæmt verður um fjárhæð stefnukröfunnar.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Þar sem mál þetta er mjög viðamikilið svo og vegna jólahelginnar, hefur uppsaga dómsins dregið nokkuð um venju fram.

Dóm þennan kvað upp Einar Arnalds borgardómari ásamt samdómsmönnum Sveinbirni Jónssyni hrl. og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Oddur Helgason og Stefán Franklín, bera gagnvart stefnanda, Allan Erlandsson, ábyrgð að $\frac{1}{3}$ hluta hvor á þeirri fjár-

hæð, er stefnandi kann að hafa greitt af halla útgerðar togarans Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949.

Málkostnaður falli niður.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 167/1952. **Jóhann M. Kristjánsson**
 gegn
Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann M. Kristjánsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 38/1953. **Umráðamaður Strandakirkju, Páll Hallgrímsson sýslumaður,**
 gegn
Kjartani Sveinssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, umráðamaður Strandakirkju, Páll Hallgrímsson sýslumaður, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
